

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá Steingrími Hermannssyni og Einari Ágústssyni.

1. Við 4. gr. bætist nýr liður, sem orðist þannig:
 - 6) Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.
2. 14. gr. orðist þannig:

Ekki skal eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum, að óþörfu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
3. Í 16. gr. komi innskot á eftir „nauðsynlegum hreinlætistækjum“, sem orðist þannig: sem fullnægi öllum kröfum heilbrigðisyfirvalda.
4. 20. gr. orðist þannig:

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi rétttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.
5. Við 21. gr. komi viðbót, sem orðist þannig:

Ávallt skal við byggingu sumarhústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.
6. Við 25. gr. komi viðbót, sem orðist þannig:

Í þjóðgörðum skal þegar koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, leiðbeiningum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og stuðlar gegn spjöllum.
7. 32. gr. orðist svo:

Ákvarðanir Náttúruverndarráðs, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eða gerðar hafa verið við athugasemdir, bótakröfur eða verið mótmælt samkv. 30. gr., koma ekki til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.
8. Í 34. gr. komi „28. gr.“ í stað „29. gr.“.
9. 37. gr. orðist þannig:

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur.

Sektir renni í náttúruverndarsjóð.

Beita má dagsektum, er renna í náttúruverndarsjóð, allt að (o. s. frv. óbreytt).